

# Íslenskur iðnaður

SI

6. tbl. 12. arg

Samtök iðnaðarins

Júní 2006

## Ráðherraskipti í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Um miðjan júní tók Jón Sigurðsson við stöðu iðnaðar- og viðskiptaráðherra af Valgerði Sverrisdóttir sem gegnt hefur því embætti frá ársbyrjun 2000.

Á þessum tímamótum flytja Samtök iðnaðarins Valgerði bestu þakkir fyrir ánægjulegt, farsælt og árangursríkt samstarf. Hún hefur reynst iðnaðinum í landinu öflugur bandamaður á miklum uppgangstímum í íslensku atvinnulífi. Valgerður hefur nú tekið við hinu vandasama og mikilvæga embætti utanríkisráðherra. Samtök iðnaðarins óska henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Jafnframt bjóða Samtökin Jón Sigurðsson velkominn til starfa og vænta góðs af samstarfi við hann. Jón flytur með

sér mikilvæga reynslu og þekkingu inn í ríkisstjórnina úr starfi sínu sem bankastjóri Seðlabankans nú þegar efnahagsmál og viðnám við aukinni verðbólgu verða forgangsmál ríkisstjórnarinnar. Jón Sigurðsson hefur á starfsferli sínum starfað í atvinnulífinu, stýrt fjölmiðli og verið rektor Háskólans á Bifröst svo að nokkuð sé nefnt. Viðtæk reynsla hans á ýmsum sviðum þjóðlífsins ætti að nýtast honum vel í embætti iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Samtök iðnaðarins fagna komu hans á þennan vettvang og munu leggja sig fram um að eiga við hann gott og öflugt samstarf.

*Helgi Magnússon,  
formaður Samtaka iðnaðarins*

**Flutningur Sumaróperunnar á Galdraskyttunni eftir Carl Maria von Weber í Þjóðleikhúsinu á listahátíð í vor vakti mikla athygli. Þetta var í fyrsta sinn sem óperan var sýnd hér á landi. Flytjendur voru margir okkar efnilegustu söngvarar og hljóðfæraleikarar af yngri kynslóðinni ásamt Karlakórnum Fóstbræðrum.**

**Selma Ragnarsdóttir, formaður Klæðskera- og kjólameistarafélagsins, hafði yfirumsjón með gerð búninganna. Sjá viðtal við Selmu á bls. 6.**



bls. 2

Skýrari leikreglur um erlenda starfsmenn og erlend fyrirtæki

bls. 3

Sértækar aðgerðir vegna raforkukostnaðar fyrirtækja

bls. 4

Fjárfestingar og einkaneysla draga vagninn

bls. 5

Skattskylda erlendra fyrirtækja

bls. 7

Tilgangur lokaúttektar mannvirkis

# Skýrari leikreglur um erlenda starfsmenn og erlend fyrirtæki

Til þess að markaðslögmál virki og skili hagkvæmri niðurstöðu fyrir þá, sem á markaði starfa, þurfa leikreglurnar að vera skýrar og skiljanlegar. Ennfremur þarf að tryggja að allir fari að þeim leikreglum sem eiga að gilda. Þetta á ekki síður við á vinnumarkaði en öðrum mörkuðum. Samkomulag hefur tekist milli ASÍ og SA um tillögur í 13 liðum varðandi erlend fyrirtæki og starfsmenn þeirra, gerviverktöku, opinber innkaup og fleira. Tillögurnar eru aðgengilegar á vefsetrum SI og SA en nokkur helstu atriðin eru rakin hér á eftir.

Samningsaðilar hafa sérstaklega lýst áhyggjum af stöðu mála í byggingastarfsemi, þjónustu tengdri mannvirkjagerð og veitingageiranum og tillögugerðin miðast fyrst og fremst við að bregðast við því ástandi sem er í þeim greinum. Gert er ráð fyrir að skipuð verði sérstök nefnd til að útfæra tillögurnar sem eru jafnframt áhersluþættir ASÍ og SA í þeirri nefndarvinnu. Stefnt skal að því að efni þeirra verði að fullu komið til framkvæmda 1. janúar 2007.

## Starfsemi skráð á einum stað

ASÍ og SA telja mikilvægt í þágu skilvirkni og eftirlits að þeir, sem hafa með höndum starfsemi hér á landi, skrái starfsemi sína og starfsmenn á einum stað og skráningarferlið verði einfaldað eins og kostur er. Tryggja verður að öll fyrirtæki, sem reka starfsemi á Íslandi, séu skráð í fyrirtækjaskrá hvort sem þau eru með staðfestu á Íslandi eða veita hér tímabundna þjónustu. Sérstaklega verði kannað hvort erlend fyrirtæki, sem hér veita þjónustu, hafi heimild til þeirrar starfsemi í heimalandinu.

## Skráning starfsmanna erlendra þjónustufyrirtækja

Þegar erlend þjónustufyrirtæki hefja hér starfsemi skulu þau tilkynna Vinnumálastofnun um alla erlenda starfsmenn vari starfsemin lengur en 10 virka daga. Þá ber þeim að tilkynna án tafar um allar breytingar á starfsmannahópnum. Vinnumálastofnun getur krafist þess að skrifleg staðfesting á ráðningu og ráðningarkjörum fylgi tilkynningum.

## Upplýsingaskylda erlendra þjónustufyrirtækja

Erlent þjónustufyrirtæki, sbr. lög nr. 54/2001, skal afhenda notendafyrirtæki skriflega staðfestingu þess efnis að það hafi fullnægt lagaskyldum um skráningu fyrirtækis og starfsmanna og ber notendafyrirtæki skylda til að krefjast þeirrar staðfestingar við upphaf viðskipta. Notendafyrirtæki sæti viðurlögum (sektum) hafi það ekki sinnt þeirri skyldu sinni.

Eftirlit yfirvalda á vinnustöðum og viðurlög við brotum Koma verður á virku eftirliti Vinnumálastofnunar og skatt-yfirvalda á vinnustöðum. ASÍ og SA leggja til að áhersla verði lögð á byggingastarfsemi, þjónustu tengda mannvirkjagerð og veitingastarfsemi. Kannað verði hvort launa-



**Sveinn Hannesson**  
framkvæmdastjóri

kjör erlendra starfsmanna séu í samræmi við skriflega ráðningarsamninga.

## Upplýsingagjöf til fyrirtækja og erlends launafólks

Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld útbúi sameiginlegt kynningarefni um íslenskan vinnumarkað og réttindi og skyldur fyrirtækja og launafólks. Það verði sent þeim erlendu fyrirtækjum sem hafa starfsemi hér á landi og verði einnig aðgengilegt svo að íslensk fyrirtæki geti kynnt reglurnar erlendum viðsemjendum sínum.

Meginþættir kjarasamninga verða þýddir enda nauðsynlegt að launafólk þekki réttindi og kjör á íslenskum vinnumarkaði.

## Persónuskilríki á byggingarvinnustöðum

Gefin verða út sérstök persónuskilríki til að auðvelda eftirlit á vinnumarkaði og verði sérstaklega litið til byggingarvinnustaða í því sambandi. Stjórnvöldum verði veitt heimild til að krefjast þess að starfsmenn beri, frá fyrsta starfsdegi, sýnileg skilríki frá atvinnurekanda sínum þar sem fram kemur nafn starfsmanns ásamt mynd, kennitölu, heiti og kennitölu vinnuveitandans. Sambærilegar kröfur verði gerðar til einstaklingsverktaka.

## Gerviverktaka

Gert verði sérstakt átak gegn gerviverktöku. Fyrst í stað verði sjónum beint að byggingariðnaði. Að mati ASÍ og SA er nauðsynlegt að breyta lögum um skyldu atvinnurekanda til að halda eftir af launum starfsmanna vegna skatt- og meðlagsskulda.

## Opinber innkaup og kennitölufلاك

ASÍ og SA telja rétt að lögum um opinber innkaup verði breytt og gert skylt að könnuð sé viðskiptasaga tilboðsgjafa. Viðskiptasaga þeirra, sem standa að félagi (stjórnendur, stjórnarmenn, eigendur), verði metin og félag verði ekki metið hæft sem tilboðsgjafi nema skilgreindum hlutlægum kröfum sé fullnægt.

Enginn vafi leikur á að það er sameiginlegt hagsmunamál fyrirtækja og launþega að komið verði á meiri reglufestu og eftirliti á þessu sviði. Það er tímabært að sporna við svartri atvinnustarfsemi, kennitölufلاكki, skattsvikum og brotum á kjarasamningum. Heiðarlega rekin fyrirtæki geta ekki keppt við slíka starfsemi og eiga ekki heldur að þurfa að búa við slíkt ástand.



Helgi Magnússon formaður SI og Kristín Ingólfssdóttir rektor undirrita samning um AMS 29. maí 2006

## SI gerast bakhjarl Alþjóðamála- stofnunar HÍ

**Samtök iðnaðarins** hafa ákveðið að gerast bakhjarl Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki við Háskóla Íslands og styrkja stofnanirnar um sem svarar 2,5 milljónir á ári.

Í samningnum felst meðal annars að stofnanirnar tvær munu með stuðningi SI:

- efla Evrópurannsóknir við HÍ og byggja upp þekkingu á áhrifum Evrópusamvinnu á íslenskt samfélag og atvinnulíf
- stofna verkefnabanka sem veitir allt að sex styrki til lokaverkefna meistaranema við HÍ í Evrópufræðum
- skipuleggja Dag ungra fræðimanna - árlega ráðstefnu sem haldin verður í Háskóla Íslands, þar sem meistara- og doktorsnemum, sem numið hafa hvarvetna í heiminum, gefst kostur á að kynna rannsóknir sínar á sviði Evrópusamruna og ræða efni þeirra
- standa fyrir hringborðsumræðum, fræðslufundum og útgáfu með þátttöku fræðimanna úr háskóla-samfélaginu og sérfræðinga úr atvinnulífnum og kynna rannsóknir fyrir almenningi, fræðimönnum og stúdentum.

Sjá nánari umfjöllun á vefsetri Alþjóðamála-stofnunar [www.hi.is/page/ams](http://www.hi.is/page/ams)



# Sértækar aðgerðir vegna raforkukostnaðar fyrirtækja

Ríkisstjórn Íslands hefur í tvígang gripið til sérstakra aðgerða til að greiða niður orkuverð í völdum atvinnugreinum til að vega upp á móti hækkingum sem urðu í kjölfar breytinga á raforkulögum.

Með þessu viðurkennir ríkisstjórnin að sveigjanleika vanti í raforkusölu til að fyrirtæki geti fengið sambærilega samninga og þau höfðu áður. Eina leiðin til að ná sömu kjörum er að greiða niður rafmagnnið beint með séraðgerðum. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera það fyrir valdar atvinnugreinar og jafnvel valin fyrirtæki.

Fyrirtækjum stórlega mismunað Í apríl síðastliðnum samþykkti ríkisstjórnin tillögur um aðgerðir vegna erfiðleika í rekstri fiskeldisfyrirtækja. Tillögurnar eru í þremur liðum og fjallar ein þeirra um orkuverð. Þar lofar ríkisstjórnin nokkrum fyrirtækjum, einungis stærri eldisfyrirtækjum en ekki þeim minni, að raforkuverð skuli ekki hækka frá því sem var fyrir breytingu orkulaga. Erfitt er að sjá að það sé hægt með öðrum hætti en beingreiðslum til fyrirtækjanna.

Í febrúar 2005 ákvað ríkisstjórnin að greiða garðyrkjubændum beint vegna hækkananna „...til að koma til móts við verðhækkanir sem komu í kjölfar nýrra raforkulaga“ eins og segir í frétt á vef Bændasamtakanna.

Krafan er sanngjarnt verð á jafnréttisgrunni

Það er óþolandi að ríkisstjórnin skuli á þennan hátt hygla völdum fyrirtækjum með sértækum aðgerðum í stað þess að lagfæra þetta nýja kerfi þannig að allar greinar hafi aðgang að orku á sanngjörnu verði á jafnréttisgrunni. Ekkert hefur verið gert til að koma til móts við fjöldann allan af iðnfyrirtækjum sem einnig fengu á sig miklar hækkanir. Hækkun raforkuverðs til matvælaframleiðanda er í hrópandi misræmi við



Bryndís Skúladóttir  
orkumál

markmið ríkisstjórnar um að lækka matarverð á Íslandi. Svo virðist sem hótun fiskeldisfyrirtækja um að flytja starfsemi sína úr landi hafi stuðlað að ákvarðanatöku sem nefnd er hér að ofan. Samtök iðnaðarins velta fyrir sér hvernig yfirvöld brygðust við ef t.d. bakarar, plastframleiðendur eða netagerðir ákvæðu að flytja framleiðslu sína til annarra landa í ríkari mæli en þegar er orðið.

Ný raforkulög áttu að tryggja að ekki væri mismunandi verð eftir því í hvaða skyni rafmagnnið væri notað. Það er atvagnsverð að ríkisstjórnin, sem setti þessi lög, velur að viðhalda þeirri mismunun á þennan hátt.

Með aðgerðum ríkisstjórnarinnar er viðurkennt að raforkuverð til atvinnustarfsemi er of hátt. Því er nauðsynlegt að grípa til aðgerða sem eru almennari en þær sem þegar hefur verið gripið til.



Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
6. töl. 12. árg. Júní 2006  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 23.06.2006  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Jóhannes Long, forsiðumynd, Eggert Jóhannsson

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
Sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
[www.si.is](http://www.si.is), netfang: [ritstjorn@si.is](mailto:ritstjorn@si.is)  
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Málfráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Enn mikill vöxtur í efnahagslífinu

# Fjárfestingar og einkaneysla draga vagninn



Hagstofan birti nýverið bráðabirgðatölur yfir landsframleiðsluna á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Samkvæmt þeim óx landsframleiðslan um 5% miðað við sama tíma í fyrra. Þá nam vöxturinn aðeins 0,9% miðað við árið á undan. Yfirleitt mælist vöxtur landsframleiðslu á fyrsta ársfjórðungi minni en á þeim næstu. Ef svo reynist nú má fastlega gera ráð fyrir miklum vexti í ár. Flestar kannanir benda hins vegar til verulega taki að hægja á hagkerfinu þegar líða tekur á árið. Mikill vöxtur í upphafi árs skýrist einkum af miklum fjárfestingum sem jukust um 36,6% en einkaneysla mælist enn í miklum vexti. Mikill innflutningur og tilsvarendi viðskiptahalli draga þó nokkuð úr hagvextinum.

Mikil atvinnuvegafjárfesting  
Vöxtur landsframleiðslunnar einkenndist öðru fremur af miklum fjárfestingum sem jukust um 36,6% milli ára. Fjárfestingar atvinnuveganna vega þyngst og sé eingöngu horft til þeirra nam vöxturinn 51,4%. Í fjóra ársfjórðunga í röð hefur vöxtur fjárfestinga verið meiri en 50%. Líklegt er að þessar tölur gefi til kynna að fjárfesting vegna stóriðju sé í hámarki en taki að dragast saman síðar á árinu. Á sama tíma jókst fjárfesting í íbúðarhúsnæði um 14,4% en dróst saman um 2,2% hjá hinu opinbera.

Einkaneysla heldur áfram að aukast mikið og óx um 12,6% á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Svo mikill vöxtur hefur aldrei mælist á fyrsta ársfjórðungi frá því




**Bjarni Már Gylfason**  
hagfræðingur SI

að slíkar mælingar hófust árið 1998. Gengi íslensku krónunnar hélst sterkt fyrstu tvo mánuði ársins og því hafði veiking hennar lítil áhrif á einkaneysluna. Líklegt er að veiking hennar síðustu mánuði muni draga talsvert úr vexti einkaneyslunnar þegar líða tekur á árið.

Methalli á viðskiptum við útlönd  
Innflutningur jókst um 19,5% á fyrsta ársfjórðungi en útflutningur dróst saman um 6,4%. Viðskiptahalli mældist 25,6% af landsframleiðslu en það hlutfall hefur aldrei mælist hærra. Afar líklegt er að gengisþróun krónunnar, sem hefur veikt verulega síðustu mánuði, snúi þessari þróun við og útflutningur aukist á ný en dragi úr innflutningi. Slík aðlögun er nauðsynleg til að koma á jafnvægi í hagkerfinu á ný. Verðbólga er óhjákvæmilegur fylgiskur gengislækkunar enda er um helmingur einkaneyslunnar innfluttur. Gengislækkun ætti þó ekki að valda viðvarandi verðbólgu þar sem

Hagvöxtur - ársfjórðungslegar tölur



verðhækkningar vegna hennar koma mjög fljótt fram en stöðvast svo þegar gengi krónunnar nær jafnvægi á ný. Mikilvægur þáttur í aðlögun hagkerfisins er minnkandi vöxtur einkaneyslu og aukinn sparnaður þjóðarinnar. Háir vextir og hækkandi innflutningsverðlag ættu styðja við þá þróun.

Mikil spennan enn í hagkerfinu Ný könnun IMG Gallup á stöðu og horfum í atvinnulífinu gefur sterkega til kynna þá miklu spennu sem enn ríkir í hagkerfinu. Þótt flestir forsvarsmenn fyrirtækja telji að ástand í efnahagslífinu sé almennt gott búast flestir við að það fari versnandi á næstu mánuðum. Mikil spennan er enn á vinnumarkaði og eftirspurn vinnuafli mikil. Ríflega helmingur forsvarsmanna fyrirtækja telur að skortur sé á starfsfólki í fyrirtækjum sínum. Horfur eru á að verulega dragi úr spennu í hagkerfinu á næstu mánuðum enda ljóst að sá gífurlegi vöxtur, sem einkennt hefur efnahagslífið síðustu ár, fæst tæplegast staðist til lengdar. Langtímahorfur eru hins vegar bjartar enda er miklum fjárfestingum atvinnulífsins á síðustu misserum einkum ætlað að auka framleiðslugetu hagkerfisins.

## Nýir félagsmenn

Greind ehf.  
Grensásvegi 7  
108 Reykjavík  
Upplýsingatækni

Stjörnu-Oddi hf.  
Vatnagörðum 14  
104 Reykjavík  
Framleiðsla mælitækja

Loftorka Borgarnesi ehf.  
Engjaási 1b  
310 Borgarnesi  
Framleiðsla byggingar-  
eininga

# Skattskylda erlendra fyrirtækja

Orðsending ríkisskattstjóra nr. 1/2006

Íbréfi frá embætti ríkisskattstjóra, sem ísent hefur verið allflestum fyrirtækjum í landinu, eru aðilar minntir á skyldur sínar til að halda eftir og skila staðgreiðslu af greiðslum til erlendis búsettra eða skráðra aðila. Samkvæmt íslenskum skattalögum geta slíkar greiðslur verið skattskyldar á Íslandi. Um er að ræða svokallaða takmarkaða skattskyldu, sbr. 3. gr. skattalaga nr. 90/2003.

### Staðgreiðsluskylda

Þau tilvik, sem bréfið tekur til, eru annars vegar 3. töluliður; þ.e. allir aðilar búsettir erlendis (þ.e. ekki skráðir á Íslandi, einstaklingar og/eða fyrirtæki) sem fá greiðslu fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi hér á landi. Samkvæmt ákvæðinu eiga þeir að greiða tekjuskatt af þeim tekjum. Skatthlutfallið er 15-36,72%, eftir því hvers eðlis greiðslur eru og hvort viðtakandinn er einstaklingur eða fyrirtæki. Það skilyrði er gert að þjónustan hafi verið veitt hér á landi. Á þetta t.d. við um ýmsa ráðgjafarþjónustu, sérfræðiþjónustu, tölvuvinnslu og listviðburði. Ákvæðið á ekki við um greiðslur til erlendra aðila vegna þjónustu sem veitt er erlendis. Hins vegar á það ávallt við þegar þjónustan er veitt. Yfirleitt gefur það ekki tilefni til mikilla bollalenginga hvar þjónustan er innt af hendi en þó getur það vel verið álitaefni um þjónustu sem veitt er t.d. í gegnum internetið. Þegar íslenskir aðilar greiða erlendum aðilum fyrir þjónustu eiga þeir sem sagt að halda eftir og skila staðgreiðslu af heildarfjárhæðinni án nokkurs tillits til frádráttar.

Ákvæði þetta hefur verið lengi við lýði en eftirfylgni hefur hins vegar ekki verið mikil af hálfu skattyfirvalda og skattgreiðendur hafa lítt sinnt þessari skyldu. Til skamms tíma var ekki tæknilega hægt að greiða þessa staðgreiðslu. Nú bendir hins vegar ýmislegt til að tilstandi að efla eftirlit og eftirfylgni með slíkum greiðslum, svo sem bréfasendingarnar bera með sér.

Hins vegar tekur bréfið til 6. töluliðar 3. gr. Það ákvæði kveður á um staðgreiðsluskyldu af greiðslum til erlendra aðila og eru greiðslur fyrir leigu, fyrir einkaleyfi, t.d. hugverkaréttindi, þókn-



**Elín Árnadóttir**  
skattalögfræðingur hjá  
PricewaterhouseCoopers

anir og söluhagnað af lausafé. Af slíkum greiðslum á einnig að halda eftir staðgreiðslu og greiða í ríkissjóð (10-26%).

### Undanþága frá staðgreiðsluskyldu

Í sérstöku tilvikum eru slíkar greiðslur, sem um er rætt í 3. og 6. töluliðar 3. gr. skattalaga, ekki skattskyldar. Þeir tvísköttunarsamningar sem Ísland er aðili að gera ráð fyrir að ofangreindar greiðslur séu einungis skattskyldar í því landi sem viðtakandinn er búsettur og því spyrja menn sig hví þeir þurfi að gera grein fyrir greiðslum sem ekki eru skattskyldar hér á landi á skilgrein staðgreiðslu. Því til svars er að það er sjálf-sagt til að geta haft eftirlit með þessum greiðslum. Leiðin til að fá viður-kennda undanþágu er hins vegar nokkuð löng og umsvifamikil. Viðtakandi greiðslu þarf að fylla út eyðublaðið RSK 5.42 og þar til bær skattyfirvöld heimalandi hans þurfa að hafa stimplað eyðublaðið. Þessu þarf hinn íslenski greiðandi að framvísa hjá íslenskum skattyfirvöldum og fá stimplað og úthlutað staðfestingarkóða. Þegar sá kóði og staðfesting er fengin er hinum íslenska aðila óhætt að tilgreina greiðslurnar á RSK 5.41 án þess að greiðsluskylda myndist.

Eyðublaðið RSK 5.41 á að fylla út og greina frá öllum slíkum greiðslum til aðila búsettra erlendis og myndast greiðsluskylda ef undanþágan hefur ekki fengist. Skilgrein ásamt greiðslu skal skila mánaðarlega eftir atvikum.

Hins vegar skal áréttað að einungis skal tilgreina á eyðublaðið gjaldskyldar greiðslur en ekki þóknunar eða verktagreiðslur vegna vinnu sem fer fram erlendis. En þær greiðslur, sem inntar hafa verið af hendi hér á landi, skal tilgreina hvort sem þær eru til aðila í tvísköttunarlendi eða ekki.

Þá er rétt að benda á að ákvæði staðgreiðslulaga um álag og dráttarvexti eru hér í fullu gildi.

# „Víkingseðlið drífur okkur áfram“

Viðtal við Selmu Ragnarsdóttur, formann Klæðskera- og kjólameistarafélagsins

## Hvernig vildi til að þú varst fengin til að sauma búninga fyrir óperuna Galdraskyttuna?

Eiginlega var tilviljun að svo fór að ég tók þetta verkefni að mér. Ég kom fyrst inn í verkefnið sem aðstoðarmanneskja við að sníða og sauma búninga en þar sem umsjónarmaðurinn forfallaðist tók ég að mér að sjá algjörlega um alla útfærslu, sníðagerð, efnisval og ráða fólk til sauma fyrir verkið. Öll þessi vinna var í góðri samstarfi við Evu Signýju Berger sem var búningahönnuður verksins.

Eftir á að hyggja tel ég að það hefði verið nær ómögulegt að útfæra þetta á þennan hátt og með fagmanneskju í sníðagerð og saumum. Ég hef líka góða reynslu í búningagerð þar sem ég hef unnið þó nokkuð við búningagerð bæði sjálfstætt og í leikhúsum. Reynslan er alltaf mikilvæg.



Nýtt kennimerki félagsins

Búningagerð er gerólík kunnasaumi þar sem frágangur og smádúllerí skipta máli. Í búningagerð eru notaðar fljótlegri og oft einfaldari aðferðir til að ná fram heildarútliti. Þar er unninn fatnaður sem þarf að líta vel út á sviði og lögð er meiri áhersla á efnisval og útfærslu og að flíkurnar þoli átak nokkurra sýninga. En það er nauðsynlegt að hafa faglegan grunn til að geta stýtt sér leiðina.

## Þetta er viðamikil sýning. Hvernig tilfinning er það að taka þátt í svona verkefni?

Þetta er með sanni mjög viðamikil sýning, um 60 manns á sviði og allir þurfa einhverskonar búninga. Það var mikið sérsaumað út frá hugmyndum hönnuðar og einkum á aðalleikarana sem voru 7 talsins. Auk þess voru þrír dansarar sem þurftu tvo búninga hver og nokkrar skiptingar. Þar að auki var um 20 manna „bændakór“ og 15 söngvarar frá Karla-kórnum Fóstbræðrum. Einnig nutum við aðstoðar Þjóðleikhússins og fengum nokkuð marga svokallaða grunnbúninga þaðan, svo sem buxur og skyrtur.

Í raun var stórkostlegt að sjá svo allan þennan fjölda á sviði á frumsýningu. Við Eva litum á hvor aðra og spurðum: „Hvernig gerðist þetta eiginlega?“ Þvílíkur fjöldi! Því er ekki að neita að vinnan var mjög mikil jafnvel dag og nótt síðustu þrjár vikurnar fyrir sýningu þó að undirbúningur hafi hafist haustið áður. Við fengum tvo nema til aðstoðar við að sauma og aðra tvo til ýmissa starfa svo sem að klippa út sníð, pressa og setja kósa í flíkur.

Þetta var mjög skemmtilegur tími. Við réðum til dæmis eina manneskju í vinnu skömmu eftir miðnætti og hún vann til sjö um morguninn. Við Eva unnum mjög vel saman en einna best á nóttunni

þegar engin truflun er. Ég held að við höfum báðar lært mjög mikið af þessari samvinnu og ég tel að samvinna sem þessi milli hönnuða og klæðskera sé mjög af hinu góða.

## Nú hafa íslenskir fatahönnuðir margsannað getu sína sem fagfólk á heimsmælikvarða. Hvað finnst þér um það og hvernig getum við komið okkur enn betur á kortið í tískuheiminum?

Í raun er enginn spurning að íslenskir fatahönnuðir gera það mjög gott bæði hér heima og erlendis. Það er að sjálf-sögðu frábært og sýnir hvað við Íslendingar erum klárir! Ég held að smæð þjóðarinnar geri það að verkum að við eiginlega áttum okkur ekki á hvað við erum fámenn fyrir en við æðum út í heim í kappsemi og fáfræði og vitum ekki af fyrir en við erum kominn langtum lengra en margir jafngóðir ef ekki betri listamenn. Þar með er ekki sagt að Íslendingar hafi ekki hæfileikana en það sem við höfum fram yfir aðrar þjóðir er þetta víkingseðli sem drífur okkur áfram. Ef Ísland væri ekki eyja þá værum við ekki nærri því svona sterk. Það er ekkert hálfkák, ekkert verið að tékka á vindátt með litlu tá út fyrir landsteinana. Það er bara tekið gott tilhlaup og svo STOKKIÐ! Við bara vitum ekki betur! Við höldum og trúum, sem betur fer, að við séum sérstök, klár og yfirleitt best. Frábær eiginleiki sem kemur okkur langt. Jæja, nóg um það. Þú spyrð hvernig við komum okkur betur á kortið í tískuheiminum? Ég tel að við séum á góðri leið með það þar sem íslensk fyrirtæki eru þó nokkur í útrás og fá góð viðbrögð. Það sem er þó einkennandi er því miður oft stuttur líftími þessara fyrirtækja enda tel ég að skilningsleysi bæði stjórnvalda og bankastofnana sé mikið. Takmarkaðir styrkir eru í boði til þróunar og útrásar íslenskrar hönnunar og hönnuðir eru heldur óþolinmóðir vegna þess hve erfitt og tímafrekt það er að koma sér á kortið í þessum bransa. Hjá öðrum þjóðum getur ímyndarsköpun og þróun tekið óratíma að síast inn.

## Segðu okkur aðeins frá félaginu. Nú hefur það fengið nýtt nafn og merki. Hvað hefur verið að gerast undanfarið og hvað er framundan?

Félagið fékk nýtt nafn fyrir rúmu ári.





Tilraunir með nornahanskagerð

Það hét áður Félag meistara og sveina í fataið en heitir nú Klæðskera og kjóla-meistarafélagið. Við létum hana fyrir okkur nýtt lógó eða kennimerki sem við erum mjög ánægðar með. Ég segi ánægðar því að eins og er eru aðeins konur í félaginu sem er miður og hér og nú óskum við eftir að karlmenn með þessa menntun gangi til liðs við okkur. Í félaginu eru tæplega 90 konur og flestar menntaðar sem sveinar í klæðskurði eða kjólasaumi í Iðnskólanum í Reykjavík en stór hluti félagsmanna er einnig með meistararéttindi.

Þetta er það helsta sem hefur verið að gerast hjá félaginu að undanfögnu. Auk þess er nýbúið að skipa í nefnd sem ætla að skoða kjaramál okkar nánar og svo er öflug ferðanefnd sem undirbýr góða kynnis- og skemmtiferð félagsmanna til einhverra af stóru tískuborgunum í haust. Stærsta verkefnið framundan er þó að kynna félagsmenn sem fagmenn undir merki félagsins í samvinnu við Samtök iðnaðarins. Sú vinna er í undirbúningi og fer í gang í haust undir svipuðum merkjum og snyrtifræðingar hafa verið að gera að undanfögnu. Þannig viljum við auka skilning og virðingu fyrir störfum okkar sem fagfólk og fá góða kynningu í leiðinni.

### **Tískuteymi SI hafa gefið góða raun við að kynna klæðskera og kjóla-meistara. Hvað finnst þér um það framtak?**

Það tókst mjög vel og ég held að almenn ánægja hafi verið með það. Það væri mjög sniðugt að vera með einhverja uppákomu eða kynningu á fagfólki í iðngreinum á hverju ári undir merkjum Tískuteyma SI. Það verður að hamra járníð meðan það er heitt. Þetta var mjög þarft og skemmtilegt átak sem ég fæ vonandi að taka þátt í næst.

# Tilgangur lokaúttektar mannvirkis

Skipulags- og byggingarlög og byggingarreglugerð gera ráð fyrir að lokaúttekt fari fram við lok framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi. Allir sem staðfest hafa ábyrgð sína á framkvæmd verksins, byggingarstjóri og iðnmeistarar, hafa þá lokið hlutverki sínu en þá hefst fimm ára tímabil byggingastjóratryggingar. Viðstaddir lokaúttekt eiga að vera byggingarstjóri, byggingafulltrúi og slökkviliðsstjóri. Auk þess eru viðstaddir þeir iðnmeistarar og hönnuðir sem þess óska eða eru boðaðir að kröfu byggingafulltrúa.

Margvíslegur skilningur byggingafulltrúa á lokaúttekt Margir verktakar hafa velt fyrir sér hvað felist í lokaúttekt. Ástæðan er sú að byggingafulltrúar leggja ekki allir sama skilning í lokaúttekt og gera því ekki sömu kröfur hvað þetta varðar.

Fjallað er um lokaúttekt í 53. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Greinar 53.1 og 53.3 fjalla m.a. um hvað skuli skoða og hvað eigi að vera frá gengið þegar lokaúttekt fer fram. Þar segir einnig að kanna skuli aðgengi og að ýmsar yfirlýsingar, svo sem frá vinnu-eftirliti um lyftur skuli vera fyrir hendi þegar lokaúttekt fer fram. Gögn, sem skulu að vera fyrir hendi við úttektina, eiga að staðfesta að unnið hafi verið samkvæmt hönnunarforskrift.

Faglegt útlit mannvirkis fellur ekki undir lokaútlit

Allar kröfur, sem koma fram í 53. grein, lúta að því að byggingafulltrúi taki út og staðfesti að byggt hafi verið samkvæmt hönnunargögnum sem embætti byggingafulltrúa hefur lagt blessun sína yfir. Í byggingarreglugerð kemur hvergi fram að taka eigi út gæði byggingarinnar við lokaúttekt eða hvort ákvæðum kaupsamnings hafi verið fullnægt. Um verkswið byggingafulltrúa er fjallað nánar í 9. gr. byggingarreglugerðar og þar er hvergi kveðið á um að hann skuli taka út faglegt útlit byggingar.

Lokaúttekt snýst því um að embætti byggingafulltrúa taki út hvort byggt hafi verið í samræmi við lög, reglugerðir og þau hönnunargögn sem byggingafulltrúi hefur samþykkt. Lokaúttekt felst hins vegar hvorki í að meta hvort verktakinn hafi skilað faglega góðu verki né hvort á veggjum sé tiltekinn litur, tegund gólf- eða þakfna. Slíkt þarf að taka fram í kaupsamningi og eigandi getur rekið mál gegn seljanda á þeim forsendum en ekki á grundvelli lokaúttektar.

Eyjólfur Bjarnason

## Frá aðalfundi Háskólans í Reykjavík

**Á aðalfundi Háskólans í Reykjavík 13. júní sl.** var skipað nýtt háskólaráð. Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, tók við formennsku í háskólaráði af Sverri Sverrissyni. Í máli sínu nefndi Bjarni að það væri mikill styrkur fyrir Háskólans í Reykjavík að eiga öflug samtök í atvinnulífinu að bak-

hjarli: Verslunarráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins.

Aðrir í háskólaráði eru Finnur Geirsson, Jón Ágúst Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Katrín Pétursdóttir og Sjöfn Sigurgísladóttir. Guðfinna S. Bjarnadóttir er rektor Háskólans í Reykjavík.



# Vilt þú auka framleiðni og bæta afkomu fyrirtækisins?

## Áfangaskipt gæðavottun SI

**Samtök iðnaðarins, í samvinnu við Málm og Iðuna - fræðslusetur, kynna nýja og aðgengilega aðferð til að bæta rekstur fyrirtækja.**

Aðferðin byggist á áfangaskiptum aðgerðum sem miða að því að gera upplýsingar um alla rekstrarþætti aðgengilegar og tryggja að þær séu nýttar til að bæta reksturinn.

Áfangarnir eru fjórir og miða að því að bæta hvaðeina í skipulagi og rekstri sem hefur áhrif á framleiðni og afkomu fyrirtækja. Veitt verður gæðavottun fyrir hvern áfanga sem fyrirtækið getur strax nýtt í kynningarskyni.



Með þessari nýju aðferð er komið til móts við þarfir fjölmargra aðildarfyrirtækja SI sem vilja bæta rekstur sinn markvisst skref fyrir skref. Þótt fyrirtæki kjósi að taka aðeins fyrstu eitt eða tvö

þrepin hafa þau þá þegar í mörgum tilvikum gert umtalsverðar úrbætur fyrir sig og viðskiptavinum sína. Afraksturinn kemur fljótlega í ljós með aukinni framleiðni, betri framleiðslu og þjónustu.

## Nánari upplýsingar

Að baki kröfum hvers þreps eru skilgreiningar sem lýst er nánar á vefsetri SI; [www.si.is/gsi](http://www.si.is/gsi). Þar eru stuttar lýsingar sem hver stjórnandi getur borið saman við stöðu mála í sínu fyrirtæki.



## Eitt símtal og ferðin er hafin

Öll fyrirtæki, sem eiga aðild að SI geta í fyrstu lotu óskað eftir úttekt á því hvort þau standast kröfur D-vottunar. Síðan taka þau næstu þrep upp á við - eftir því sem við á. Ekki þarf annað en að hafa samband við SI og panta slíka úttekt í síma 591 0100.



Frá stjórnleysi



til umbreytingar



og vaxtar